

Álagning gjalda 2012

Útsvarshlutfall árið 2012 er 14,48%.

Álagningarreglur fasteignagjalda 2012

Álagning fasteignaskatts er gerð samkvæmt II kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum.

Sveitarstjórn hefur ákveðið að skattprósenta skuli vera eins og að neðan greinir:

Fasteignaskattur A, 0,475% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.

Fasteignaskattur B, 1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.

Fasteignaskattur C, 1,50% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum.

Lóðarleiga á Borgarsvæði er 1% af lóðarmati.

Tekjuviðmið vegna afsláttar af fasteignaskatti til fasteignaeigenda sem eru 67 ára og eldri eða 75% öryrkjar eða meira og eiga lögheimili í viðkomandi fasteign.

Afslættir vegna fasteignagjalda 2012 hjá elli- og örorkulífeyrisþegum:

| Einstaklingar | <u>Tekjuviðmiðun</u> | | |
|---------------|----------------------|-----------|------------------|
| | Frá | Að | <u>afsláttur</u> |
| | 0 | 1.934.730 | 100 % |
| | 1.934.731 | 2.133.394 | 80% |
| | 2.133.395 | 2.348.165 | 50% |
| Hjón | 0 | 2.715.066 | 100% |
| | 2.715.067 | 2.933.417 | 80% |
| | 2.933.418 | 3.309.266 | 50% |

Fjöldi gjalddaga fasteignagjalda:

Fjárhæðir að 25.000 eru með einn gjalddaga 1. maí, 25.001-90.000 eru með 5 gjalddögum með fyrsta gjalddaga 1. mars og síðasta 1. júlí og 90.001 og yfir eru með 7 gjalddögum með fyrsta gjalddaga 1. mars og síðasta 1. september.